

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Orkugerðin Flóahreppur



Dags eftirlits	27.8.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Orkugerðin	Eftirlitsmaður	Sigríður Magnúsdóttir
Heimili	Heiðargerði 5	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	5801697249	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ólafur Wernersson	ÍSAT nr.	15.41.0.2
Fulltrúi fyrirtækis	Felix Rafn Felixson	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávík komu fram við eftirlit. Varðar fyrra frávíkið ófullnægjandi skil á niðurstöðum mælinga vegna vöktunar frá útblæstri úr skorsteini og seinna varðar skil ársyfirlits innan tilskilins tímafrests, hefur því hins vegar verið lokað með skilum á grænu bókhaldi þann 30. maí sl.

Tvær ábendingar eru lagðar fram vegna umgengi lóðar og upplýsingaskyldu rekstraraðila til Umhverfisstofnunar ef verða breytingar á hefðbundinni starfsemi, t.d. vegna bilana.

## UMFANG EFTIRLITS

Fram fór fyrirvaralaust eftirlit í Orkugerðina í Flóahreppi. Orkugerðin meðhöndlar aukaafurðir dýra og vinnur hráefni með hökkun og þrýstisæfingu, í kjötmjöli og fitu. Afurðirnar nýtast sem áburður og í lífdísselframleiðslu. Rekstraraðili hefur heimild til framleiðslu á próteinmjöli og fitu úr allt að 14.000 t af hráefni á ári. Starfsleyfið tók gildi 7. september 2022 og gildir til 13. desember 2035.

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit út frá ábendingum sem bárust Umhverfisstofnun vegna mögulegrar hættu á umhverfisóhappi inn á lóð rekstraraðila ásamt lyktar- og hávaðakvörtunum.

Boðað umfang eftirlits var eftirfarandi:

- Fyrirvaralaust eftirlit
- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Nýtt BAT og vatnamál
- Kvartanir

Við vettvangsferð voru lagðar fram athugasemdir vegna umgengni lóðar. Voru til staðar tvö yfirfull kör sem innihéldu leyfar af ópressuðu kjötmjöli ásamt regnvatni sem lekið hafði út í umhverfið umhverfis körin samræmist ekki gr. 3.2 í starfsleyfi er fjallar um að frágangur á lóð skal vera snyrtilegur. Eftir að ábendingar voru lagðar fram hafði rekstraraðili þegar brugðist við með því að bera á yfirborð grófara efni til að koma í veg fyrir uppsöfnun yfirborðsvatns á því svæði sem ábendingin sneri að. Eftir eftirlit var rekstraraðili beðinn um að fjarlægja körin og klára hreinsun og fara yfir ástand lóðar og halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og fjarlægja allt sem ekki nýtist starfseminni og koma því í viðeigandi farveg eftir því sem við á.

Við eftirlit var rekstraraðila bent á að leita skuli samþykkis Umhverfisstofnunar ef geyma þarf tímabundið framleiðsluvöru á lóðinni, sbr. gr. 3.3 í starfsleyfi. Var lögð fram athugasemd vegna vörslu á matarolíu í bömbum á suðurhluta lóðar en skv. gr. 2.4 í starfsleyfi er rekstraraðila skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hættu á að þessi efni berist í umhverfið. Þarf að árekstrarverja bambana á lóðinni eða koma þeim fyrir á hentugri stað og sérstaklega úr leið ökutækja. Þarf að hafa eftirfarandi grein í starfsleyfi til hliðsjónar við alla meðhöndlun á efnum sem geta lekið út í umhverfið.

Eitt frávík kom fram í síðasta eftirliti og varðaði ófullnægjandi skráningar vegna ársins 2022. Þann 30. maí barst Grænt bókhald rekstraraðila vegna ársins 2023 ásamt skráningum á umhverfis- og rekstrarþáttum fyrir árið 2022. Útstreymisbókhald rekstraraðila barst stofnuninni þann 30. apríl sl.. Opið er eldra frávík er varðar takmörkun aðgangs að athafnasvæðinu. Hefur rekstraraðili að hluta til klárað úrbætur á girðingum en á eftir að klára frágang á bómuhliði við innskeyrslu af Oddgeirshólavegi inn á athafnasvæði rekstraraðila. Frávík helst opið þar til fullar úrbætur hafa verið gerðar vegna aðkomu að Orkugerðinni.

Fjallað var um breytingar á rekstri sem væntanlegar eru hjá rekstraraðila, var m.a. rætt að erfitt væri að leggja fram

tímasettar áætlanir varðandi framkvæmdir þar sem hún veltur á fjármögnun hverju sinni. Rekstraraðili hefur nýlega staðið í gangsetningu á nýjum lyktareyðingarbúnaði og farið hefur fram vinna að stilla þann búnað af með tilliti til efnisnotkunar. Að auki hefur vinnulag vegna þrifa á húsnæði sem og vinnulags við móttöku efnis verið skerpt í samráði við viðskiptavini og starfsmenn Orkugerðarinnar. Stendur til að malbika plan ásamt öðrum framkvæmdum sem farið verður út í þegar tækifæri gefst. Nýlega hefur húsnæði Orkugerðarinnar stækkað til að koma fyrir öflugri vinnslubúnaði til aukningar á framleiðslugetu með tilkomu nýs sjóðara sem eykur framleiðslugetu um allt að 80%. Samhliða því stendur yfir uppsetning nýs búnaðar til vothreinsunar sem eyðir lyktarefnum í útblæstri á óþéttanlegum gastegundum frá sjóðurum. Stóð sú vinna enn yfir við eftirlit og verktakar væntanlegir frá Hollandi til að klára þá vinnu. Fyrr á árinu stóð yfir uppsetning á nýrri pressu hjá rekstraraðila en samtímis varð bilun á eldri pressu. Varð til millibilsástand sem olli því að framleitt var ópressað kjötmjöl. Var ráðstöfun þess efnis gerð í samráði og af veittri bráðabirgðaheimild Matvælastofnunar. Vert er að benda rekstraraðila á að mikilvægt er að upplýsa Umhverfisstofnun um allar fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið sbr. 14. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir..

Þann 14. febrúar sl. kom út nýtt BAT (besta aðgengilega tækni) fyrir eftirfarandi atvinnurekstur er starfsleyfi rekstraraðila heyrir undir. Í starfsleyfi undir gr. 3.1 kemur fram, að ef gefnar verða út BAT niðurstöður á gildistíma starfsleyfis skal rekstraraðili skila upplýsingum til Umhverfisstofnunar um hvaða valkostir séu til staðar fyrir bestu aðgengilegu tækni vegna rekstrarins eigi síðar en ári fyrir gildistöku BAT-niðurstöðna. Ekki er búið að innleiða BAT í reglugerðir hér innanlands en gott að eftirlitsaðili sé upplýstur um þá stöðu.

Fjallað var um varnir gegn mengun ytra umhverfis og fjallað m.a. um vöktun vegna mælinga á útblæstri frá skorsteini sbr. mörk sem koma fram undir gr. 3.5 í starfsleyfi. Mælingar vegna þeirra skulu vera gerðar einu sinni á ári og á þeim tíma sem verksmiðjan er keyrð sem næst á hámarksálagi. Niðurstöðum á þeim mælingum var ekki að finna í grænu bókhaldi eða í útstremisbókhaldi vegna ársins 2023.

Síðast fór fram hávaðamæling árið 2022 en krafa er um að slík mæling skuli fara fram a.m.k einu sinni á gildistíma starfsleyfis. Ef fram koma frekari ábendingar eða kvartanir vegna hávaðamengunar eftir að uppsetningu og framkvæmdum sem unnið að líkur, verður endurskoðað hvort þörf sé á frekari mælingum vegna hljóðmengunar.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

grein 4.1 í starfsleyfi:

Fyrir 1. maí ár hvert ber rekstraraðila að taka saman skráningar, sbr. gr. 4.1 í starfsleyfi. Vantar niðurstöður mælinga 2023, skv. gr. 4.2. í starfsleyfi er varða að mælingar eiga að vera gerðar einu sinni á ári og á þeim tíma sem verksmiðjan er keyrð með sem næst hámarksálagi. Ekki er nóg að vísa í umfjöllun um fyrirbyggjandi niðurstöður.

grein 4.4 í starfsleyfi:

Skilafrestur var ekki virtur vegna árlegs ársyfirlits til eftirlitsaðila, þ.e. svokölluðu Grænu bókhaldi. Stofnunin veitir engar undanþágur vegna skila ársyfirlits og umhverfisupplýsinga. Ársyfirliti vegna ársins 2023 var skilað inn þann 30. maí 2024.

#### ÁBENDINGAR

Lögð er fram ábending vegna umgengni á lóð rekstraraðila ásamt því að sjá þarf til þess að bambar sem innihalda olíur séu ekki í farvegi ökutækja inn á lóð rekstraraðila (sjá nánar undir umfjöllun um umfang eftirlits).

Ábending er lögð fram vegna upplýsingaskyldu rekstraraðila um allar fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið, þ.m.t. bilanir á búnaði (sjá nánar undir umfjöllun um umfang eftirlits).

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

*Halla Margrét Viðarsdóttir*  
Halla Margrét Viðarsdóttir